


Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011	MYL603 Kennsluáætlun vor 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennari	Arna G. Valsdóttir - arna@vma.is	Sk.st.	AVA
----------------	----------------------------------	---------------	-----

Viðtalstími: Föstudagur kl. 10 – 10.40 – kennarastofa listnámsbraut

Áfangalýsing

Nemendur velja sér verkefni eftir áhugasviði hvers og eins. Þeir geta dýpkað skilning sinn á miðlum sem þeir hafa áður kynnst eða kynnt sér nýja miðla.

Nemendur vinna eigin rannsóknar og sköpunarferlisvinnu þar sem þeir leita víða gagna eftir því sem hentar hverju verki.

Verkið skal uppfylla kröfur um hugmyndaauðgi, listræna framsetningu og góðan frágang.

Markmið

Að nemandi

- ✓ sýni að hann hafi náð að tileinka sér þá þætti sem liggja að baki sjálfstæðri skapandi vinnu
- ✓ sé fær um að vinna með þá miðla sem hann hefur áður kynnst eða tekist á við nýja
- ✓ velji sér viðfangsefni að eigin frumkvæði
- ✓ sýni frumkvæði og hugmyndaauðgi
- ✓ geri verkáætlun og fylgi henni eftir
- ✓ sýni öguð vinnubrögð
- ✓ geti unnið sjálfstætt
- ✓ geti kynnt verk sín og rökstutt eigið val
- ✓ geti á upplýstan og greinargóðan hátt fjallað um verk samnemenda sinna þannig að gagnlegar umræður skapist.



Skil

21. jan - Verklýsing/áætlun .

8. april - Skil á verki til sýningar

5. maj - Lokaskil - Greinargerð þar sem fram koma hugmyndir og

Mappa yfir ferlið (*prufur og skissur frá undirbúningsferlinu /hugmyndavinna sett fram á greinagóðan hátt /dagbókafærslur*)

Verkáætlun: Í upphafi áfanga skal nemandi vinna verkáætlun og skila til kennara.


Verkáætlunin er beinagrind sem nemandi hleður utan á og getur hugmyndin breyst í vinnuferlinu.

Umræður Jafnt og þétt verða umræður um vinnuna einstaklingslega og í hóp.

Haldnir verða fundir með hópnum og nemendur skrá sig í einstaklingsviðtöl við kennara reglulega.

Greinargerð: Nemendur skila skriflegri greinargerð í lokin þar sem fram koma forsendur fyrir vali á viðfangsefni, hugmynd að baki, lýsing á þróunarferli og afstaða höfundar til niðurstöðu.

Dagbók/skissubók: Þýðingarmikið er að nemandi vinni skissu/hugmyndavinnu á markvissan

Nr.: GÁT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags: 30.08.2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
MYL603		
Kennsluáætlun vor 2015		

hátt þannig að hann skrái ferlið að baki verkinu, hugsanir þælingar, mögulegar tengingar og geri á þann hátt eigið skapandi ferli sýnilegt.

Sýning: Í lok áfanga setja nemendur upp sýningu á verkum sínum og undirbúa hana í samvinnu við samnemendur sína. Nemendur skipta með sér verkum við undirbúning hennar, velja sýningarstað og hanna kynningarefni.

Efni Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

Námsgögn Ýmsar bækur um listamenn og liststefnur sem tengjast hugmyndum hvers og eins, tímarit og vefsíður samtímalistasafna og einstakra listamanna.

Námsmat		Vægi
Lokaverk	20%	50%
Mappa yfir ferlið, Greinargerð, Undirbún.vinna, Verkáætlun, Umræður, Ástundun, Vinnulag	30%	

Lokamat og yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar	50%
---	-----

Vika	Dagsetning	Dagskrá	Vika	Dagsetning	Dagskrá
2	7. janúar	Hópfundur	11	9.-13.mars	Einstaklingsviðtöl
3	12.-16.jan	Einstaklingsviðtöl	12	16.-20.mars	Sjálfstæð vinna
4	19.-23.jan	Skil á Verkáætlun	13	23.-27.mars	Einstaklingsviðtöl
5	26.-30.jan	Einstaklingsviðtöl	14	28.m-6.april	Páskafrí
6	4. febrúar	Hópfundur	15	8. april	Hópfundur-Skil á verki
7	9.-13.feb	Sjálfstæð vinna	16	13.-17.april	Sýningar undirbúningur
8	16.-20.feb	Sjálfstæð vinna	17	22. april	Uppsetning
9	23.-27.feb	Einstaklingsviðtöl	17-18	25.apr-3.maj	OPNUN - SÝNING
10	4. mars	Hópfundur	19	5.maj	LOKASKIL

Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósött verk nemenda í eitt ár án ábyrgðar

Með fyrirvara um breytingar,
Gangi ykkur vel

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils